



Fundargerð

359. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 12. desember 2013, kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomio, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka þrjú mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 358. fundur sveitarstjórnar 14. nóvember 2013.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 2. desember 2013.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1. 1311001 – Fjárhagsáætlun 2014.

Sveitarstjórn samþykkir breytingar. Samþykkt samhljóða.

2. 1311025 – Umsóknir um undanþágu á leikskóla.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

3. 1311027 – Tímasetning á félagsstarfi grunnskólanema.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða..

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Skipulags- og bygginganefnd 9. desember 2013.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1. 1312001 – Hafrahlíð 207394, umsókn um stofnun nýrrar lóðar Hafrahlíð 2.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða

2. 1312002 – Hafrahlíð 207394, umsókn um landskipti.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps 9. október 2013.

Farið yfir fundargerð.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps telur eðlilegt að sveitarfélögin sem reka saman Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps móti sér stefnu um búsetu fatlaðs fólks í sveitarfélögunum. Samþykkt samhljóða.

5. Reykhólahöfn flotbryggja 2013, verkfundur 1 og lokaúttekt.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.

6. Reykhólahöfn landstöpull fyrir flotbryggju, verkfundur 1.

Sveitarstjórn samþykkir að EK víki af fundi undir þessum lið.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

EK kemur aftur inn á fundinn.

Mál til afgreiðslu

1. 1311001 – Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2014-2017, síðari umræða.

Styrkumsóknir fyrir árið 2014.

1. Landsbyggðin lífi, 100.000 kr., erindi dagsett 2. október 2013.
Erindinu hafnað
2. Snorraverkefnið, 100.000 kr. eða minna, erindi dagsett 4. nóvember 2013.
Erindinu hafnað
3. Stígamót, erindi dagsett 20. október 2013.
Samþykkt að veita styrk að upphæð 25.000 kr. Samþykkt samhljóða.
4. Landgræðsla ríkisins, 36.000 kr., erindi dagsett 21. nóvember 2013.
Erindinu hafnað.
5. Björgunarsveitin Heimamenn, 200.000 kr., erindi dagsett 9. desember 2013.
Sveitarstjórn samþykkir að EK víki af fundi undir þessum lið. Samþykkt samhljóða.
Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 200.000 kr. Samþykkt samhljóða.
EK kemur aftur inn á fundinn.

Lögð fram fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2014-2017.

Fjárhagsáætlunin byggir á áætlun um útsvar fyrir árið 2014 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, áætlun Jöfnunarsjóðs um framlög fyrir árið 2014 og áætlun um fasteignagjöld fyrir árið 2014. Þá er tekið mið af þjóðspá Hagstofu og upplýsingum frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á haustdögum. Áætlunin gerir ráð fyrir hækkun launa um 5% á næsta ári en 4% árin þar á eftir. Kjarasamningar flestra launþega eru að renna út um þessar mundir og veldur það mikilli óvissu um launaþróun og verðlagsþróun á næstu misserum. Gert er ráð fyrir hámarksútsvari eins og lög gera ráð fyrir eða 14,48% (14,52% ef álagningarhlutall hækkar með breyttum lögum). Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 24 millj. kr. afgangi árið 2014. Fjárhagsáætlun 2014-2017 samþykkt samhljóða.

2. 1303021 – Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa og stjórnendur Reykhólahrepps, síðari umræða.

Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa og stjórnendur Reykhólahrepps, samþykktar samhljóða. Sveitarstjórn Reykhólahrepps felur sveitarstjóra að senda siðareglur sveitarfélagsins til innanríkisráðuneytisins til staðfestingar.

3. 1312003 – Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð.

Erindi og drög að áætlun frá formanni Breiðafjarðarnefndar dagsett 19. nóvember 2013.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps óskar eftir fresti til að gera athugasemdir við endurskoðaða verndaráætlun fyrir Breiðafjörð til 15. janúar 2014.

4. 1312004 – Samningur um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Reykhólum.

Erindi frá framkvæmdastjóra Bata- og hlunnindasýningarinnar ehf.

Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði tímabundinn samningur til þriggja ára við Bata- og hlunnindasýninguna um rekstur á upplýsingamiðstöð á Reykhólum. Sveitarstjóra falið að gera drög að samningi. Samþykkt samhljóða.

5. 1312005 – Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (eignarhlutir í orkufyrirtækjum), 152. mál, frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna), 167. mál, þingsályktun um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpokanotkun, 102. mál, og frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs (verndun umhverfis og heilsu, EES-reglur), 215. mál.

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 18. og 25. nóvember og 6. og 9. desember 2013.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málefnið.

6. 1312006 – Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lífsýnasöfn (söfn heilbrigðisupplýsinga og leitargrunnur), 160. mál, frumvarp laga um barnaverndarlög (rekstur heimila fyrir börn), 186. mál, og frumvarp til laga um húsaleigubætur (námsmenn), 147. mál.

Erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 19. og 25. nóvember og 6. desember 2013.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málefnið.

7. 1312007 – Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna, 197. mál.

Erindi frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dagsett 6. desember 2013

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málefnið.

Til kynningar

8. 1312008 – Bréf EFS til endurskoðenda ársreikninga sveitarfélaga árið 2012.

Tilkynning frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dagsett 25. nóvember 2013.

Lagt fram.

9. 1312009 – Eyðibýli á Íslandi – Rannsóknir sumarið 2013.

Erindi frá Eyðibýli – áhugamannafélagi dagsett 20. nóvember 2013 ásamt 4. bindi til kynningar.

Lagt fram.

10. 1312010 – Fundargerð 810. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

11. 1308008 – Þinggerð 58. Fjórðungspings Vestfirðinga.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

1312011 – Ósk um styrk vegna flugeldasýningar.

Erindi frá Björgunarsveitinni Heimamönnum dagsett 12. desember 2013.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr. Samþykkt samhljóða.

1312012 – Ósk um lýsingu á sparkvöll við Reykhólaskóla.

Erindi frá nemendum í Reykhólaskóla dagsett 10. desember 2013.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps fagnar því að börn í Reykhólaskóla láti til sín taka og komi málefnum sínum á framfæri.

Í samþykktari fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir því að framkvæmdir við sparkvöll við Reykhólaskóla verði kláraðar á árinu.

1209009 – Búfjársamþykkt fyrir Reykhólahrepp.

Erindi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti dagsett 10. desember 2013 þar sem tilkynnt er um staðfestingu á samþykkt um búfjárhald í Reykhólahreppi.

Kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.
